

## Góðar hugmyndir úr ýmsum áttum

Hundruð kennara í ýmsum löndum hafa notað námsefnið *Vinir Zippýs* og hefur þeim dottið ýmislegt í hug sem auðgað getur og styrkt kennslu námsefnisins. Hér eru nokkrar hugmyndir sem mögulegt er að nýta þegar kennsla hefst í bekknum ykkar.

### Undanfari kennslunnar

Kennarar í Braselíu hafa bætt við einni kennslustund áður en kennsla hins eiginlega náms- og kennslunefnis hefst og kalla þessa kennslustund „núlltímann.“ Börnin búa þá til sérstaka Zippý- merkimiða eða nafnspjöld fyrir sig og kynnast reglunum. Þetta eykur forvitni barnanna og auðveldar þeim að skilja að Zippý-tímarnir verði að ýmsu leyti frábrugðnir öðrum kennslustundum í skólanum. Þetta gerðu kennarar í **Norðlingaskóla** einnig.

### Zippý

Margir kennarar hafa útbúið sinn eigin Zippý til þess að auðvelda nemendum að einbeita sér að efni sem er á dagskrá. Það er líka hægt að láta skordýrslíkanið vera til staðar í kennslustofunni milli kennslustunda því börnunum kann að þykja gott að líta til Zippýs ef þeim líður illa eða ef þau hafa átt í útistöðum. Í skóla einum í Englandi situr Zippý á gluggarúðunni svo börnin, sem eru að leik úti á skólalóðinni geta líka horft til hans að utan. Nokkrir kennarar hafa náð sér í raunverulega „zippýflugu“ sem þeir hafa í glerbúri eða glasi í skólastofunni.

- Í Norðlingaskóla var útbúin sérstök Zippýbrúða sem alltaf var til staðar í skólastofunni. Börnin fengu að láta Zippý ganga á milli sín í kennslustundum og kunnu vel að meta það.



- Í Grunnskóla Egilsstaða og Eiða útbjuggu börnin sjálf sína Zippý-brúðu og það gerðu þau svona:

Mjúku grænu efni er vafið um helming af þvottaklemmu. Efnið er svo fest með blómavír sem vafið utanum eins og rúllupylsa. Augu eru límd á ásamt vængjum og pípuhreinsarar þræddir undir vírinn fyrir fætur og fálmara.



Sum barnanna hafa sína flugu með derhúfu og klippa niður efnisbúta sem hafðar eru fyrir sæng og kotta.

Hvert barn hefur sína skúffu í skólastofunni og Zippý sefur þar. Börnin eru mjög spennt að fá að fara með Zippý í heimsókn heim til sín og eru hvött til að tala við sinn Zippý um hvaðeina sem á þeim brennur.

- Zippý á trjágrein í Digranesskóla



Reynslan hefur leitt í ljós að kennslan gengur betur þar sem Zippý-brúða er útbúin.

## Zippý-krókur

Hægt er að hafa eitt hornið í kennslustofunni sem sérstakan Zippý-krók þar sem hægt er að setja upp það sem unnið hefur verið með í hverri kennslustund og teikningar barnanna. Börnin geta búið til sína eigin Zippý dúkkur úr pípuhreinsurum sem mætti líka geyma í horninu.

- Zippý-krókur í Grunnskólanum í Borgarnesi—takið eftir sáttablóminu.



## Zippý flytur skilaboð

Ef eitthvert barnið langar til þess að tala við ykkur einslega eða til að ræða um einhverja erfiðleika sem það á við að stríða getur það sett Zippý-fluguna sína á kennaraborðið vitandi að þið munuð finna tíma til þess að ræða málin einslega síðar.

## Að festa í minni nöfn vina hans Zippýs

Það hjálpar, einkum í fyrstu kennslustundunum, að hafa veggspjald með vinum Zippýs hangandi þar sem nöfn hvers og eins eru tengd viðeigandi mynd. Með þessu móti eiga börnin auðveldara með að leggja á minnið nöfn sögupersónanna

## Zippý-tafla

Útbúið töflu í kennslustofunni þar sem börnin geta komið fyrir teikningum/myndum og jákvæðum orðsendingum til annarra í bekknum eða einhverju jákvæðu um sig sjálf. Kennarinn gæti riðið á vaðið og hengt fyrstur upp slík skilaboð.

## Staðsetning

Zippý kennslustundir ættu að vera frábrugðnar öðrum kennslustundum og sumir kennarar leggja áherslu á þennan mun með því að hafa kennslustundirnar í annarri stofu, eða hafa þær úti undir berum himni að sumri til.

## Tónlist

Sumir kennarar hafa gert að fastri venju að leika sérstaka tónlist í upphafi hverrar kennslustundar þegar námsefnið *Vinir Zippýs* er á dagskrá. Í Litháen hringja kennararnir sérstakri handbjöllu. Þetta hjálpar börnunum einnig til þess að skynja að Zippý-tímarnir eru frábrugðnir öðrum kennslustundum. Í **Selásskóla** er spilað lagið „*Litla flugan*“ þegar komið er að Zippý-tíma og þá verða börnin spennt og eru fljót að setjast í Zippý-krókinn. Skólaárið 2007-2008 sömdu nemendur í 2-S í Digranesskóla sérstakt Zippý-lag og má hlusta á það [hér](#):

- Börnin í 2.S í Digranesskóla með Zippý



## Merkimiðar

Hverjum kennara verða látnir í té litlir merkimiðar. Hægt er að búa til gat á merkimiðana og þræða í gegnum litríkan borða sem börnin geta hengt um hálsinn í byrjun hverjar kennslustundar. Gæta skal þó fyllstu varúðar því börnin gætu farið að fikta við hálsböndin og gætu skaðað sig. Annar kostur væri því að nota plasthylki (barmmerkjahylki) utan um merkimiðana sem börnin gætu nælt í barm sér ([Sjá Zippý-merkimiða á vefsíðu um verkefnið](#)).

## Spjöld með reglum

Í nokkrum kennslustundanna hafa verið samdar reglur sem auðvelda börnunum að ráða fram úr vanda, til dæmis þegar einelti er í gangi eða auðvelda að segja það sem börnunum býr í brjósti. Þessar reglur er hægt að útbúa í vasabrotsformi og leyfa börnunum að fara með þær út í frímínútur eða heim.

## Sætaröðun

Hægt er að velja að láta börnin sitja á gólfinu - annað hvort í hring eða safnast saman í kring um kennarann þegar hann lest sögurnar eða þegar unnið er úr sumum viðfangsefnum. Síðan geta þau farið í sætin sín.

## Tímasetning

Hugsið um hvenær dags best sé að hafa Zippý-tímana á dagskrá. Sumir kennarar hafa kosið að hafa þá síðari hluta skóladagsins og enda daginn með þeim, en aðrir kjósa fyrstu kennslustundir dagsins. Veljið þann tíma sem þið telur að henti best.

## Hópvanna

Námsefnið *Vinir Zippýs* er byggt þannig upp að gert er ráð fyrir að börnin læri með því að kanna sjálf hvað að baki hugmyndunum býr og er það að sjálfsögðu best ef allir geta verið virkir þátttakendur í slíkri athugun. Litlir hópar hafa reynst best til þess fallnir að ná þessu markmiði. Ef þið eigið kost á að hafa einhvern ykkur til aðstoðar í kennslunni væri gott að hafa þá einmitt slíka hópvinnutíma í huga því börnin gætu þá unnið í minni hópum og þannig gæfist sem flestum kostur á að leggja sitt að mörkum. Ef þessi háttur er hafður á munið þá eftir því að kynna niðurstöður hvers hóps fyrir öllum hinum í lokin. Þannig fá börnin að heyra eins margar lausnir og kostur er á.



Börn í Grunnskóla Siglufjarðar með Zippý og valkassann sinn

## Myndir sýndar

Þegar saga er lesin getur verið erfitt að sýna myndirnar úr sögunni samhliða lestrinum. Hér eru nokkrar hugmyndir: Biðjið einhvern úr barnahópnum að sitja við hlið ykkar að halda myndinni á lofti meðan lesið er; festið myndirnar á vegg eða á töfluna á bak við, gerið gat á myndirnar og þræðið þær upp á hringi eða gorma. Margir kennarar hafa útbúið gormamöppu og límt viðeigandi texta úr sögunni aftan á spjöldin með myndunum.



Það færir í vöxt að í skólastofum séu til staðar skjávarpi og tölva. Kennarar hafa nýtt sér það og skannað myndirnar úr námspáttunum og sýna þær þegar sagan er lesin. Þetta hefur gefið mjög góða raun.

## Leikin atriði

Í fyrstu kennslustund hvers námspáttar er saga lesin frá upphafi til enda. Í annarri, þriðju og fjórðu kennslustund er aðeins lesinn hluti sögunnar. Biðjið einhverja úr hópi barnanna að leika hinar ýmsu sögupersónur. Athygli hinna barnanna er þar með tryggð!



## Tímamörk

Sum börn eru ótrúlega lengi að ljúka við teikningar sínar. Notið t.d. eggjasuðumæli til þess að setja tímamök. Stillið hann og komið fyrir á kennaraborðinu og gerið börnunum ljóst að þegar bjallan hringi verði þau að hætta að teikna. Þau megi hins vegar fara heim með myndina og ljúka við hana þar ef þau vilji. Hér er kennari í Ingunnarskóla með tímavaka sem reynst hefur vel við að halda tímamörk. Þetta gerðu margir aðrir kennarar á Íslandi líka.



## Stutt svör

Ung börn eiga oft á tíðum erfitt með að segja það sem þau vilja segja skýrt og skorinort. Vinnan með námsefnið *Vinir Zippýs* styrkir þessa færni. Þegar börnin eru beðin um að koma með sínar hugmyndir og tillögur minnið þau á að vera stuttorð og segið til dæmis: "Núna eru það bara þrír (eða fjórir eða fimm) sem geta komið fram með hugmyndir.

## Möppur

Stundum er útbúinn Zippý- blýantur og Zippý- merki fyrir hvert barn. Sumir kennarar láta börnunum í té plastumslag með vasa til þess að geyma í blýantinn og merkið og einnig teikningar og matsblöðin. Í byrjun hvernar kennslustundar eru möppunum útdeilt meðal barnanna og þeim safnað saman í lok kennslustundarinnar.



## Verkefnabók

Útbúa litla bók með auðum blöðum sem börnin vinna öll Zippýverkefni í. Þetta auðveldar að halda utan um vinnuna, hún er þá öll á einum stað og auðveldar líka að rifja upp.

## Söngur og dans

Mörgum kennurum þykir gagnlegt að hafa sérstakan Zippý-söng og/eða Zippý-dans. Þetta mætti hafa í upphafi kennslustundar eða í lok hennar. Einnig er gott að nota þetta til þess að brjóta upp tímunn ef börnin hafa setið við verkefnavinnu full lengi að ykkar mati.

## Zippý-salatið

Góður leikur til þess að nota, einkum í fyrstu kennslustundunum, þegar börnin eru að læra nöfn sögupersónanna. Byggt er á leik sem kallast „Ávaxtasalatið“ Börnin sitja í hring og hverju barni er gefið nafn: Tóti, Lilja, Sara, Zippý, Tóti, Lilja, Sara Zippý o.s.frv. Þegar þú kallar "Tóti" eiga allir sem fengu þetta nafn að standa upp og skipta um sæti. Þetta er endurtekið með hin nöfnin, en þegar þú kallar "Zippý-salat" verða öll börnin að skipta um sæti. Börn hafa mjög gaman af þessum leik!

## Nafnakall

Þegar þú Kannar mætingu með nafnakalli getið þið beðið börnin að segja hvernig þeim líður - ekki aðeins að segja nafnið sitt.

## Útfærsla á kirkjugarðsferðinni

Í löndum þar sem veðráttta er rysjótt og kaldir vetur má útfæra kirkjugarðsheimsóknina þannig að í stað þess að börnin teikni í garðinum þá má taka myndir af stöðum í garðinum sem börnin óska eftir og vinna síðan í skólastofunni úr myndunum sem teknar voru.

## Handbrúður

Þið gætuð notað stóra handbrúðu til þess að hjálpa ykkur að útlista fyrir börnunum nokkur hugtök sem notuð eru í námsefninu. Þannig er hægt að skapa sérstaka persónu sem börnin munu láta sér annt um (Í þessu skyni er bent á tvær góðar vefsíður í handbrúðugerð: ([www.smallwood.co.uk](http://www.smallwood.co.uk)) og ([www.puppetsbypost.com](http://www.puppetsbypost.com))).





## Zippý-skýringarmynd

Í sumum kennslustundunum eru börnin beðin um tillögur og hugmyndir. Gott getur verið að skrá þetta þannig að allir hafi yfirsýn. Gott er að skrifa jafnóðum inn á skýringarmynd sem er í laginu eins og Zippý (skrifa tillögu á hala, bók, haus o.s.frv.) og skrifa svo eina tillögu á hverja löpp. Þetta er sama og gert er með köngulóarvef - bara lagað að námsefninu um Zippý og vini hans.

## Póstur til Zippýs

Einhver úr hópi barnanna hafa kannski löngun til að senda Zippý bréf. Þetta getur verið gott og gagnlegt og vakið áhuga, en munið að Zippý deyr í fimmta námsþætti. Annað sem börnin gætu gert er að skrifa til Elísabetar frænku, sem samið hefur sögurnar. Munið þó að kannski vænta börnin svars frá henni!

## Stjarna dagsins

Sumir kennarar veita þeim börnum viðurkenningu sem hafa tileinkað sér færni sem verið er að byggja upp. Barnið er þá kallað „stjarna dagsins“ eða „Zippý-vinur vikunnar“ eða eitthvað því um líkt. Þetta getur vissulega ýtt undir það að börnin tileinki sér færni við að bjarga sér í erfiðleikum, en verið þess ævinlega minnug að námsefnið leggur ekki áherslu á samkeppni.

## Framhald

Þegar börnin hafa lokið við að fara yfir námsefnið *Vinir Zippýs* geta þau látið yngri börn sem munu vinna með námsefnið næsta ár eiga það sem þau hafa gert, t.d. líkanið af Zippý. Þetta getur vakið hjá börnunum tilfinningu um að vinnunni með Zippý sé ekki lokið og vakið hjá yngri börnunum þá tilfinningu að þeirra bíði alveg sérstök námsreynsla.

Dæmi eru um það hér á landi að kennarar nýtt sér námsefnið *Vinir Zippýs* aftur og aftur með sömu börnunum eftir að hafa farið í gegnum allt námsefnið einu sinni með þeim. Margir kenna námsefnið í heild sinni eða valda hluta allt eftir því sem hentar best.



## Aðkoma foreldra

*Áhrif kennslunnar aukast ef foreldrar styðja vel við starfið. Hér eru fjórar hugmyndir sem gætu gagnast í þessu skyni:*

### Foreldrafundur

Þú færð í hendur eintök af foreldrakynningunni, nægilega mörg til þess að öll börnin geti tekið eintak með sér heim. Til viðbótar þessari kynningu boða flestir skólar til sérstaks foreldrafundar áður en kennslan hefst og er á honum skýrt frá því sem námsefnið hefur upp á að bjóða og hver markmiðin með því séu - að hvers konar færni sé stefnt. Á slíkum fundi gefst gott tækifæri til að greina foreldrunum frá hvernig þeir geti stutt við námið, m.a. með því að hlusta af athygli á börnin, hvetja þau til að segja frá því sem fram fór í kennslustundinni og veita viðurkenningu og hrós þegar jákvæðar breytingar koma í ljós. Það er líka hægt að bjóða foreldrum upp á að koma í sérstakan Zippý-tíma fyrir foreldra!

### Upplýsingar til foreldra

Hægt er að hengja upp á glugga eða hurð kennslustofunnar tilkynningu til foreldra þar sem umfjöllunarefni vikunnar er tilgreint. Sumir kennarar senda heim með börnunum sérstaka tilkynningu í upphafi hvers námsþáttar. Þar er greint frá því sem börnin munu læra næstu fjórar vikurnar - um tilfinningar, samskipti, breytingar og missi o.s.frv. og að hvers konar færni sé stefnt. Í slíkum orðsendingum gefst einnig tækifæri til að láta foreldrana vita hvað þau geti rætt um við börnin fyrirfram (til dæmis um afbrýðisemi o.fl. sem er flókið mál og kallar á góðar útskýringar og rækilega umfjöllun). Vakin er athygli á efni á heimasíðu verkefnisins þar sem er að finna efni um námsefnið [Vinir Zippýs fyrir foreldra](#).

### Verkefni sem börnin taka með heim

Látið börnin fara heim með verkefni, matsblöð og teikningar sem þau hafa unnið í Zippýs tímum. Þetta gefur áhugasömum foreldrum tækifæri til að færa í tal við börnin efni kennslustundarinnar hverju sinni.

### Zippý-límmiðar

Ein hugmynd er að búa til Zippý-límmiða, en hægt er að sækja myndina af Zippý á vefsíðu námsefnisins. Þegar kennslustund lýkur og börnin fara heim geta þau límt miðann á sig. Þetta getur minnt foreldrana á að námsefnið *Vinir Zippýs* hefur verið á dagskrá og hvatt þau til að ræða um efni kennslustundarinnar við börnin sín.

### Foreldrar sem aðstoðarmenn

Sumir foreldrar vinna sem aðstoðarmenn í bekknum þar sem barnið þeirra er, en þú vilt kannski ekki að þeir séu í Zippý-tímunum þar sem nærvera þeirra gæti dregið úr vilja barnanna til að tjá sig opinskátt um líðan sína. Einnig getur þetta haft áhrif á trúnað sem þarf að virða þar sem börnin láta stundum í ljós upplýsingar um viðkvæm mál. Góð reynsla er af því að bjóða foreldrum með í **kirkjugarðsferðina**. Hér er mynd tekin við það tækifæri.



### Zyppý- púðar að heiman

Í einum skóla hérlendis fékk kennari þá frábæru hugmynd að biðja börnin um að biðja foreldra sína um að útbúa eða lána þeim sérstakan Zippý-púða til að koma með að heiman. Börnin nota púðana þegar þau sitja í hring á gólfinu í Zippý-tímum. Í þessum bekk voru foreldra mjög virkir í Zippý-kennslunni.



*Margar hugmyndir hafa komið fram varðandi kynningu á námsefninu Vinir Zippýs utan sjálfs bekkjarins.*

### **Kynning meðal samstarfsmanna**

Segið samstarfsmönnum ykkar og kollegum frá námsefninu svo að áhrif þess berist til fleiri aðila en þeim er tengjast bekknum. Það getur verið gott að ræða um það við þá sem starfa í matartíma barnanna í hádeginu því ágreiningur af ýmsu tagi kemur gjarnan upp úti á leiksvæðinu og starfsfólkið gæti þá spurt hvað börnin geti ímyndað sér að Zippý myndi gera væri hann í þeirra sporum. Þetta starfsfólk hefur veitt því athygli að börnin sem eru að vinna með námsefnið *Vinir Zippýs* verða æ fljótari að leysa mál sín án þess að beita afli eða ofbeldi. Sumir kennarar kynna námsefnið á starfsmannafundi og sýna þá [kynningarmyndbandið](#) sem er að finna á vefsetri [Embættis landlæknis](#).

### **Fréttabréf eða blað skólans**

Ef skólinn sem þú starfar við gefur úr fréttablað um skólastarfið setjið þá frétt um námsefnið í blaðinu. Með fréttinni gætu fylgt teikningar barnanna eða ljósmynd úr Zippý-króknum í kennslustofunni. Þetta getur stuðlað að því að gildin sem unnið er með í náminu dreifist út á meðal starfsfólks og kennara og verða þeim vel kunn.

### **Tölvupósturinn**

Gott að nota tölvupóstinn til að gefa foreldrum upplýsingar um hvað verið var að fjalla um í tímunum.

### **Kynning meðal annarra nemenda skólans**

Bekkurinn ykkar gæti boðið krökkum úr öðrum bekk/bekkjum upp á Zippý-málsverð/lautarferð. Í sumum skólum eru börnin sem eru í bekk þar sem unnið er með námsefnið *Vinir Zippýs*, beðið um að stjórna sameiginlegri morgunstund í skólanum.



### Vináttustoppustöðin

Í nokkrum skólanna er hefur verið komið fyrir bekk á skólalóðinni sem líkist bekk við strætóstoppistöð. Þangað geta krakkar komið og tyllt sér niður ef þau eru einmana eða hafa engan til að leika sér við. Þessi bekkur er kallaður "vináttustoppistöðin". Þar væri líka hægt að koma fyrir líkani af Zippý. Allir sem eru á vakt í frímínútum þurfa að vita að barn sem sest á þennan bekk þarf á athygli starfsmannanna að halda.

Við vonum að einhverjar af ofangreindum ábendingum geti orðið ykkur að liði sem hafið með höndum kennslu námsefnisins *Vinir Zippýs*.

Okkur þætti vænt um að heyra frá ykkur ef nýjar hugmyndir fæðast hjá ykkur til þess að geta síðan dreift þeim til annarra sem eru að kenna námsefnið. Ljósmyndir af ykkar líkani af Zippý væri einnig kærkomið að fá sendar. Hugmyndin er að birta þær síðar á vef embættisins á vefsíðum um verkefnið.

Þið getið sent tölvupóst til undirritaðrar á netfangið:  
[sigrun@landlaeknir.is](mailto:sigrun@landlaeknir.is)

Kærar þakkir og gangi ykkur vel,  
**Sigrún Daníelsdóttir**, verkefnisstjóri vina Zippýs á Íslandi

Til fróðleiks sjá líka: <http://www.partnershipforchildren.org.uk>